

Verkferill inntak rafrænnar ferilbókar

Í hverri grein eru fjölmargir verkþættir í rafrænni ferilbók sem nemendur þurfa að standa skil á til þess að útskrifast úr vinnustaðanáminu. Í takt við breytta tíma, nýjar áherslur eða tækni má búast við að eðlilegt kunni að þykja að einhverjir verkþættir verði felldir út eða taki breytingum. Mikilvægt er að ákveðin festa sé í rafrænu ferilbókinni og breytingar vel ígrundaðar og ekki of örar.

Ábendingar og tillögur um breytingar fara í neðangreint ferli:

Ábending er send Menntamálastofnun.

Rökstyðja þarf með vísun í:

- Starfalýsingu og hæfnikröfur starfsins.
- Námsbrautalýsingu.
- Kröfur til sveinsprófs.

Ábendingu með rökstuðningi skal senda á ferilbok@mms.is.

- Menntamálastofnun móttækur ábendinguna og metur hvers eðlis hún er.
- Ef um meiriháttar breytingu er að ræða s.s. að fella út eða bæta við verkflokki/verkþætti hefur Menntamálastofnun samráð við starfsgreinaráð viðkomandi starfsgreinar um afgreiðslu ábendingar.
- Breytingar taka gildi einu sinni á ári, fyrir upphaf haustannar. Skulu ábendingar berast Menntamálastofnun fyrir 15. apríl.
- Nemi sem er með virka ferilbók í eldri útgáfu heldur þeim verkþáttum úr henni sem hann hefur þegar lokið.
- Nemi hefur val um hvort hann ljúki vinnustaðanámi í eldri eða uppfærðri útgáfu ferilbókar hafi hann nú þegar virka ferilbók.